

94. Sambandsþing Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga.

Þingið var haldið í Leifsbúð í boði Ólafs Pá þann 31. mars 2015 kl. 18.00

Mætt voru: Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, Rebekka Eiríksdóttir, Herdís Erna Matthíasdóttir, Sindri Geir Sigðursson, Jóhann Pálmasson, Arnar Eysteinnsson, Alexandra Rut Jónsdóttir, Jón Egill Jóhannsson, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Sæmundur Jóhannsson, Jóhanna Lind Brynjólfssdóttir, Pröstur Leó Þórðarsson, Jenny Nilsson, Sigrún Halldórsdóttir, Hrefna Ingibergsdóttir, Finnbogi Harðasson, Pálmi Jóhannsson, Pálína Jóhannsdóttir, Þórður Ingólfsson, Viðar Þór Ólafsson, Björn Anton Einarsson, Gísli Sverrir Halldórsson, Skjöldur Orri Skjaldarson og Svanhvít Gísladóttir. Gestur þingsins var Hrönn Jónsdóttir fulltrúi í stjórn UMFÍ.

1. Þingsetning

Jenny Nilsson formaður UDN setti þingið og bauð gesti velkomna.

2. Kosning þingforseta

Þórður Ingólfsson var kosinn þingforseti og Jón Egill Jóhannsson til vara.

3. Kosning annara starfsmanna þingsins

Fundarritarar: Herdís Erna Matthíasdóttir og Sigrún Halldórsdóttir.

Kjörbréfanefnd: Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, Alexandra Rut Jónsdóttir og Árný Björk Brynjólfssdóttir. Samþykkt samhljóða.

4. Skýrsla stjórnar

Jenny Nilsson formaður flutti skýrslu stjórnar þar sem farið var yfir starf UDN frá síðasta þingi. Kristján Garðarsson sagði af sér formennsku s.l. haust og tók Jenny varaformaður við af honum. Haldnir voru átta fundir á síðasta starfsári, þ.á.m. formannafundir. Félagar í UDN voru alls 949 um síðustu áramót. Æfingar voru í boði allt árið á vegum aðildarfélaganna og voru bæði gestaþjálfarar og heimamenn sem leiðbeindu. Gott samstarf í SamVest og kepptu félagsmenn UDN á unglingslandsmóti og fleiri mótum utan héraðs. Kosið var um nýja liti á æfingabúningum UDN og varð rautt, svart og hvítt fyrir valinu. Styrkir hafa fengist frá Samkaup að upphæð kr. 200.000 og Arionbanka að upphæð kr. 50.000. Sólveig Rós Jóhannsdóttir hlaut flest atkvæði í kosningu um íþróttamann ársins 2014, Steinþór Logi Arnarsson varð í öðru sæti og Laufey Fríða Þórarinsdóttir í þriðja sæti.

5. Álit kjörbréfanefndar

Alexandra Rut las upp nöfn allra þingfulltrúa og kjörbréfin voru samþykkt.

Mæting frá aðildarfélögum var eftirfarandi:

Aftureldinga á rétt á 4 fulltrúnum – mætt voru:

Herdís Erna Matthíasdóttir

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir

Rebekka Eiríksdóttir

Dögun á rétt á 3 fulltrúum – mætt voru:

Hrefna Ingibergsdóttir
Jenny Nilsson
Sigrún Halldórsdóttir

Ólafur Pá á rétt á 8 fulltrúum – mætt voru:

Ingibjörg Jóhannsdóttir
Jóhanna Lind Brynjólfsdóttir
Sæmundur Jóhannsson
Þröstur Leó Þórðarsson

Stjarnan á rétt á 9 fulltrúum – mætt voru:

Alexsandra Rut Jónsdóttir
Arnar Eysteinnsson
Jón Egill Jóhannsson

Æskan á rétt á 7 fulltrúum – mætt voru:

Finnbogi Harðarsson
Pálína Jóhannsdóttir
Pálmi Jóhannsson

Glímufélag Dalamanna á rétt á 5 fulltrúum – mætt voru:

Jóhann Pálmasson
Sindri Geir Sigurðsson

Glaður á rétt á 6 fulltrúum – mætt voru:

Björn Anton Einarsson
Gísli Sverrir Halldórsson
Skjöldur Orri Skjaldasson
Svanhvít Gísladóttir
Viðar Þór Ólafsson
Þórður Ingólfsson

6. Ársreikningur lagður fram

Heiðrún Sandra Grettisdóttir fór yfir ársreikning fyrir árið 2014 þar sem gjaldkeri komst ekki á þingið. Heildar rekstrartekjur ársins voru kr. 4.225.586 og rekstragjöld samtals kr. 3.746.491. Hagnaður ársins án fjármagnsliða var kr. 479.095 og rekstrarhagnaður alls kr. 589.008. Eigið fé í árslok var kr. 6.850.023.

7. Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga

Finnbogi spurði um kosningu á litum á búningum og ræddi um hvernig hún fór fram og bað um að svona kosningar færu aldrei fram aftur, telst ekki lýðræði. Pálmi spurði um sundurliðun á skammtímaskuldum og Viðar um afskriftir á Stapavelli. Reikningarnir bornir upp og samþykktir samhljóða.

8. Úthlutunarreglur starfsstyrkja til samþykktar

Jenny las upp drög að úthlutunarreglum. Nokkrar umræður urðu um málið og nánari útfærslu á reglunum. Flókið að afgreiða styrki fyrirfram. Miðað er við að sótt sé um styrk fyrir liðið starfsár þannig að engin leið er að sjá fyrirfram hvernig þetta mun skiptast á milli félaga. Styrkur frá Dalabyggð er greiddur út til UDN í tvennu lagi, 1. mars og 1. október ár hvert. Reglurnar gera ráð fyrir að sótt verði um fyrir 15. apríl á næsta ári og umsóknin afgreidd fyrir 1. maí. Fundarstjórnar lögðu til að afgreiðslu tillögunar yrði frestað og málinu vísað til stjórnar- og fomanfundar. Samþykkt samhljóða.

9. Starfslýsing framkvæmdastjóra

Jenny las upp starfslýsingu fyrir framkvæmdastjóra UDN. Finnbogi lagði til að eftirfarandi yrði bætt við 7. lið: *Stjórn UDN getur gert breytingar á þessari starfslýsingu ef þörf krefur.* Fundarstjóri bar breytingatillöguna upp til samþykktar. Tillagan samþykkt.

10. Ávörp gesta

Fundarstjóri bauð Hrönn Jónsdóttur stjórnarmann í stjórn UMFÍ velkomna á þingið. Hrönn skilaði kveðjum frá stjórn og þakkaði fyrir að vera boðið á þingið hún talaði um góða skýrslu og rekstur UDN og einnig hve góð þátttaka væri hjá UDN á mótum. Hún hvatti UDN til að nýta sér þjónustu UMFÍ, sækja um styrki og námskeið, taka þátt í ungmennaráði og að taka þátt í lýðheilsuverkefnum UMFÍ sem er að fara af stað með lýðheilsuverkefni fyrir eldri ungmennafélga. Ingimundur og Flemming eru tilbúnir til að koma og kynna verkefnið.

11. Lagabreytingar til samþykktar

Jenny las upp og útskýrði þær tillögur að lagabreytingum sem fyrir fundinum lágu. Fundarstjóri bar lög UDN með breytingartillögum upp til samþykktar og voru þau samþykkt samhljóða.

12. Tillögur kynntar

Tillaga 1

94. ársþing UDN haldið í Leifsbúð 31. mars 2015 þakkar sveitastjórnnum Dalabyggðar og Reykhólahrepps fyrir veittan stuðning á árinu.

Tillaga 2

94. ársþing UDN haldið í Leifsbúð 31. mars 2015 samþykkir að hafa félagsgjöld óbreytt eða kr. 200 fyrir hvern aðila 16 ára og eldri.

Tillaga 3

94. ársþing UDN haldið í Leifsbúð 31. mars 2015 leggur til að ráðin fimm frjálsíþróttaráð, knattspyrnuráð, sundráð, blakráð og badmintonráð verði áfram til undir UDN en á þessu þingi verði einungis kosnir fulltrúar í það ráð sem hefur verið virkt undanfarið þ.e.a.s. Frjálsíþróttaráð. Stjórn verði heimilt að skipa fólk í önnur ráð á milli þinga ef þörf er á og óskir koma frá félagsmönnum um að þau hefji störf að nýju.

Tillaga 4

94. ársþing UDN haldið í Leifsbúð 31. mars 2015 leggur til að litir nýrra búning UDN verði rauður, svartur og hvítur og að þingið samþykki hjá hvað söluaðila búningarnir verði keyptir. Sýndir voru búningar frá Henson og Hummel og hvað þeir kostuðu.

Tillaga 5

94. ársþing UDN haldið í Leifsbúð 31. mars 2015 leggur til að UDN kaupi ekki búninga til eignar heldur verði styrktarfé notað til að niðurgreiða utanyfirgalla og keppnisbúninga fyrir félagsmenn sína á aldrinum 0-18 ára.

Tillaga 6

94. ársþing UDN haldið í Leifsbúð 31. mars 2015 samþykkir eftirfarandi tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2015.

<u>Rekstrartekjur:</u>	
Félagsgjöld	155.000
Framlög og styrkir	1.000.000
Tekjur af Lottó	3.050.000
Aðrar tekjur	250.000
Tekjur af fatnaði og töskum	0
Rekstrartekjur alls	4.455.000
<u>Rekstrargjöld:</u>	
UDN blað	0
Mótakostnaður	240.000
Verðlaunagripir/ viðurkenningar	100.000
Lauga- / Hólafjör	100.000
Framlög og styrkir	2.350.000
Laun og launatengd gjöld	1.100.000
Skrifstofukostnaður	150.000
Stjórnun og umsýsla	130.000
Rekstur áhalda og tækja	50.000
Kostnaður v/söluvarnings	500.000
Rekstrargjöld alls	4.720.000
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	-265.000
<u>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</u>	
Vaxtatekjur og verðbætur	150.000
Bankakostnaður	-35.000
Samtals	115.000
Tekjuafgangur (-tap) af reglulegri starfsemi	-150.000
Tekjuafgangur (-tap) ársins	-150.000

Tillaga 7

94. ársþing UDN haldið í Leifsbúð 31. mars 2015 samþykkir meðfylgjandi reglugerðir fyrir UDN. Reglur fyrir kjör íþróttamanns UDN, reglugerð um skiptingu á lottótekjum UDN og reglugerð um greiðslur vegna ferðakostnaðar.

13. Hlé – Súpa og brauð í boði Ólafs Pá.

14. Afgreiðsla tillaga

Tillaga 1

Samþykkt samhljóða.

Tillaga 2

Samþykkt samhljóða.

Tillaga 3

Arnar spurði hvort reynt hefði verið að koma knattspyrnuráði í gang. Jenny sagði að það hefði verið reynt en ekki gengið og ekkert hefði verið reynt með hin ráðin þar sem ekkert starf var hjá þeim á síðasta ári. Finnbogi sagði þetta ágætis tillögu og sagði stjórn t.d. geta sett einhvern einn áhugasaman yfir ákveðin verkefni s.s. blak o.s.frv. Tillaga borin samþykkt samhljóða.

Tillaga 4

Guðni kynnti söluaðila og verð. Hjá Henson kostar pakkinn 15.000 kr. með áletrun og 18.000 kr. hjá Hummel með einni merkingu. Arnar sagði Hauka nota Hummel og vera ánægðá með búningana. Stjarnan, Afturelding og Ólafur Pá ætla að styrkja búningakaupin um 100.000 hvert félag. Búið er að fá styrk frá Arionbanka og Samkaup. Tillaga varðandi liti á búningum var samþykkt með þorra atkvæða og niðurstaða þingsins var að búningarnir yrðu keyptir yrði frá Henson (12:6).

Tillaga 5

Samþykkt samhljóða

Tillaga 6

Fjárhagsáætlun rædd og spurt um einstaka liði. Áætlunin samþykkt samhljóða.

Tillaga 7

1) Reglugerð fyrir kjör þróttamanns UDN:

Nokkrar umræður urðu um 2. gr. og eftirfarandi breytingartillaga gerð; *Atkvæðisrétt eiga stjórnarnamenn UDN og formenn íþróttanefnda UDN, auk þess fer stjórn hvers félags með eitt atkvæði. Varamenn taka sæti stjórnarnanna í forföllum þeirra svo sem við önnur stjórnarstörf og formenn íþróttanefnda geta tilnefnt menn í sinn stað geti þeir ekki tekið þátt í kostningunni. Kosið skal samkvæmt 4 gr. reglugerðarinnar. Hverri íþróttanefnd, stjórn HÍG og Glímufélagi Dalamanna er heimilt að tilnefna 1-5 einstaklinga til kjörs, raðað eftir stafrófsröð og láti fylgja greinagerð um árangur viðkomandi á árinu fyrir ákveðna dagsetningu að ákvörðun stjórnar. Þá hefur stjórn UDN einnig heimild til að tilnefna fyrir hönd þeirra ráða sem ekki senda inn tilnefningar svo og þeirra einstaklinga sem keppa fyrir þær íþróttgreinar sem eru utan kjörinna íþróttaráða UDN. Tilnefningar eru ekki bindandi. Tilnefningar skulu sendar ásamt kjörseðli til þeirra sem atkvæðisrétt hafa og skili þeir kjörseðli í lokuðum umslagi á skrifstofu UDN fyrir ákveðna dagsetningu að ákvörðun stjórnar. Komi engar tilnefningar fellur kjörið niður það ár.*

Tillagan borin upp með áorðunum breytingum og samþykkt samhljóða.

2) Reglugerð um skiptingu á Lottótekjum UDN:

Nokkrar umræður urðu um skiptingu lottótekna. Gísli lagði til að 60% færi til aðildarfélaganna en 40 % til UDN. Finnbogi taldi óráð að breyta þessari reglugerð núna, betra að leggja vinnu í að skoða það milli þinga. Telur í lagi þar sem sjóðastaða UDN sé sterk að breyta þessu í 1 ár. Arnar taldi óhætt að samþykkja slíkar breytingar í 2 ár. Stjórn þarf svo að vera vakandi yfir að breyta þessu aftur þegar þörf krefur. Breytingatillaga Gísla borin upp og samþykkt með þorra atkvæða 12:2.

Reglugerðin síðan borin upp með áorðnum breytingum og samþykkt samhljóða.

3) Reglugerð um greiðslur vegna ferðakostnaðar

Reglugerðin samþykkt samhljóða.

Tillaga 7 er samþykkt í heild.

Tillaga 8 Finnbogi Harðarson flutti eftirfarandi tillögu:

94. ársþing UDN haldið í Leifsbúð 31. mars 2015 samþykkir að UDN gefi hverjum einstakling á grunnskólaaldri á sambandsvæðinu einn jakka /hettupeysu af nýju búningunum. Rök: kostnaður er milli 6 og 700 þúsund krónur og líklegt er að hægt sé að fá styrktaraðila í þetta verkefni.

Tillagan samþykkt samhljóða.

15. Kosningar

Kjósa þarf formann og ritara í stjórn UDN til 2ja ára, Jenny Nilsson gaf kost á sér og stungið var upp á Pálma Jóhannssyni sem ritara. Samþykkt með lófataki.

Stjórn UDN

Jenny Nilsson formaður

Heiðrún Sandra Grettisdóttir varaformaður

Ingveldur Guðmundsdóttir gjalkeri

Pálmi Jóhannson ritari

Herdís Erna Matthíasdóttir meðstjónrandi

Til vara

1. Sigurður Bjarni Gilbertsson

2. Finnbogi Harðarsson

Skoðunarmenn reikninga

Anna Berglind Halldórsdóttir

Ingibjörg Jóhannsdóttir

Til vara

Sigrun Birna Halldórsdóttir

Guðrún Guðmundsdóttir

Frjálisípróttaráð

Jóhanna Sigrún Árnadóttir

Arnar Eysteinnsson

Herdís Erna Matthíasdóttir

Samþykkt samhljóða.

16. Önnur mál

Finnbogi óskaði nýrri stjórn góðs gengis og spurði um húsnæði hjá UDN. Guðni sagði það vera póstkassa á Miðbraut 11 og póstkassa í anddyrinu. Eigur UDN eru geymdar í kössum í læstu herbergi í Dalabúð. Sigrún spurði hvort ekkert hefði farið af gögnum UDN til skjalasafns Dalabyggðar. Finnbogi taldi ekkert hafa farið þangað og upplýsti um að eitthvað hefði glatast í flutningum og í vatnstjóni, en þessi mál þyrftu að komast í öruggt skjól. Þórður taldi rétt að koma gömlum gögnum inn á Hérasskjalasafn Dalabyggðar. Stjórn falið að skoðar þessi mál.

17. Þingslit

Jenny formaður sleit þingi kl. 21:40 og þakkaði öllum fyrir komuna og Ólafi Pá fyrir veitngarnar.